

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum

Ágætu sveitungar

Í tilefni af 90 ára afmæli mínu verður kaffi að Eyrarlandi sunnudaginn 2. apríl næstkomandi. Það verður heitt á könnunni frá kl. 2 og býð ykkur öll velkomin.

Jón Sveinsson á Reyni.

Fundarboð:

Aðalfundur kvenfélags Kirkjubæjarhrepps

Aðalfundur kvenfélags Kirkjubæjarhrepps verður haldinn á Icelandair Hotel Klaustri mánudaginn 27. mars kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýjar félagskonur boðnar velkomnar.

Stjórnin.

Aðalfundur Fótspora

- félags um sögu og minjar í Skaftárhreppi

Aðalfundur Fótspora verður haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli miðvikudagskvöldið 22. mars kl 20.00. Eftir aðalfundinn mun Lilja Magnúsdóttir sýna gamlar ljósmyndir úr sveitinni, sem hún hefur unnið að fyrir félagið að safna og skanna á stafrænt form.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Allir velkomnir og nýjir meðlimir í félagið sérstaklega velkomnir.

Stjórnin

11. TBL. 22. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 16. MARS 2017

Leikhópur Mímis í Menntaskólanum að Laugarvatni

sýnir fjölskylduleikritið *Konungur Ljónanna* um þessar mundir.



Frumskýning fös. 24. mars kl. 20:00 í Aratungu, Reykholti - Uppselt!
Lau. 25. mars kl. 20:00 í Aratungu, Reykholti
Sun. 26. mars kl. 14:00 í Aratungu, Reykholti
Þri. 28. mars kl. 20:00 í Þingborg
Mið. 29. mars kl. 20:00 í Félagsheimili Seltjarnarness
Fös. 31. mars kl. 20:00 í Hvoli, Hvolsvelli
Lau. 1. apríl kl. 16:00 í Hvoli, Hvolsvelli

Sun. 2. apríl kl. 19:00 í Leikskálum, Vík



Verzlunarmiðstöðin
Vík auglýsir

Starfsfólk óskast í þrif. Um fullt starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf um mánaðarmót maí/-júní nk.

Umsóknir sendist á netfangið elisabet@icewear.is

Spilakvöld.

10. bekkur Víkurskóla er að safna sér fyrir útskriftarferð í vor og ætlar Kvenfélag Hvammshrepps að hjálpa þeim við söfnunina. **Á fimmtudaginn næstkomandi 16. mars** ætlum við að spila Félagsvist í Leikskálum kl 20.

Allur ágóði rennur beint til þeirra.

Vonandi sjáumst við sem flest og höfum gaman saman og styrkjum þessa frábæru krakka.



Fyrir hönd Kvenfélagsins
Lolla Sigga og Sigga Dóra

GLERAUGUN HANS AFA

Til himins upp hann afa fór,
en ekkert þar hann sér.
Því gleraugunum gleymdi hann
í glugganum hjá mér.

Hann sér ei neitt á bréf né bók
né blöðin sem hann fær.
Hann fer í öfug fötin sín
svo fólkið uppi hlær.

Þótt Biblíuna hafi hann
sem hæst í skápnunum er,
hann finnur ekki augun sín
og enga línu sér.

Á himnum stúlka engin er
hjá afa, líkt og ég,
sem finni stafinn fyrir hann
og fylgi út á veg.

Hann afa sögur sagði mér
um svartan skógarbjörn,
sem ætti fylgsni úti í skóg
og æti stundum börn.

Því birnir ætu óþæg börn,
-en ekki Nonna og mig.
En þægu börnin þyftu samt
á þeim að vara sig.

Ó, flýtt þér, mamma, og færðu mig
í fina kjólinn minn.
Svo verð ég eins og engilbarn,
fer upp í himininn.

Og reistu stóra stigann upp
og styð við himininn.
Svo geng ég upp með gleraugun,
sem gleymdi hann afa minn.

Sig. Júl.Jóhannesson þýddi



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Laus störf stefnuvotta í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi

Samkvæmt 81. gr. laga 91/1991 skipar sýslumaður stefnuvotta í sveitarfélögum í sínu umdæmi. Með vísan til þess óskar Sýslumaðurinn á Suðurlandi eftir umsóknum um stöðu stefnuvotta vegna birtinga í eftirtöldum sveitarfélögum og er ætlast til að umsækjandi sé búsettur á svæðinu:

- Hrunamannahreppur
- Skaftárhreppur
- Mýrdalshreppur

Samkvæmt áðurgreindri lagagrein þarf stefnuvottur að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Vera orðin 25 ára,
- Hafi óflekkað mannorð
- Sé svo heill og hraustur að hann geti gegnt starfanum

Áður en stefnuvottur tekur til starfa skal hann undirrita drengskaparheit, sem sýslumaður varðveitir, um að hann muni rækja starfann af trúmennsku og samviskusemi.

Stefnuvottar starfa skv. ákveðnum reglum

<http://www.syslumenn.is/embattin/stefnuvottar/>

Stefnuvottar innheimta sjálfir gjald fyrir störf sín skv. gjaldskrá sem innanríkisráðherra setur og sjá má á ofangreindri vefslóð.

Frekari upplýsingar veitir Kristján Óðin Unnarsson fulltrúi sýslumanns
í síma 4582800 eða netfang kristjanou@syslumenn.is

Umsóknum skal skilað í framangreint netfang ekki seinna en 20. apríl nk.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

Skemmtiferð félags sauðfjárþænda!

Sauðfjárþændur í Vestur Skaftafellssýslu ætla að heimsækja nágretta okkar í Austur sýslunni.

Ferðin verður þriðjudaginn **21. mars nk.**

Dagskrá er svohljóðandi:

08:00 - Lagt af stað frá Vík

09:00 - Lagt af stað frá Klaustri

10:00 - Svínafell - kíkt í fjárhúsin hjá Ármanni og Hollu

12:00 - Hádegismatur á Fosshótel Hnappavöllum - áhugasamir ferðaþjónustubændur geta fengið að skoða herbergi í leiðinni

14:30 - Flateyjarfjósíð - tekinn hringur í stærsta fjósi á Íslandi

16:00 - Setberg - komið við í fjárhúsunum hjá Stefáni á Setbergi

18:00 - Þórbergssetur - Þorbjörg á Hala sýnir okkur safnið og snæddur verður kvöldverður fyrir heimferð

Verð aðeins 7.400 kr. fyrir félagsmenn FSVS (hádegis- og kvöldmatur innifalinn)

Skráning:

Einar Freyr, s. 823-1320 - einarfe@gmail.com

Sigurjón Fannar, s. 868-9126 - sigfrag@gmail.com

Frestur til að skrá sig er til laugardags 18. mars, kl. 12:00

Takmarkaður sætafjöldi - fyrstir koma fyrstir fá!

Gerum okkur nú glaðan dag saman!

Stjórnin



Aðalfundur Friðar og frumkrafta, hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi, verður haldinn laugardaginn 8. apríl 2017 kl. 12:00 á Hótel Laka

Byrjað verður á súpu og kynningum nokkurra fyrirtækja á svæðinu. Rætt verður sérstaklega um Kötlu Jarðvang og að því loknu verða hefðbundin aðalfundarstörf.

Dagskrá:

1. Kynningar fyrirtækja
2. Katla Jarðvangur og Friður og frumkraftar
3. Lögð fram skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
5. Lagabreytingartillögur lagðar fram.
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna.
7. Ákvörðun um gjaldskrá.
8. Lögð fram tillaga að verkefnaáætlun til næsta aðalfundar.
9. Önnur mál

Nýjir félagar og aðrir áhugasamir eru velkomnir á fundinn
Stjórn Friðar og frumkrafta

Fermingar í Víkurprestakalli vorið 2017

Ásólfskálakirkja undir Eyjafjöllum.

5. sunnudagur í föstu, 2. apríl, kl. 13:30. Prestur: Haraldur M. Kristjánsson
Fermd:

Bjarni Sigurðsson, Ásólfskála, 861 Hvolsvöllur
Freyja Benónýsdóttir, Miðtúni, 861 Hvolsvöllur
Oddný Benónýsdóttir, Miðtúni, 861 Hvolsvöllur
Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Efstu-Grund, 861 Hvolsvöllur

Eyvindarhólakirkja undir Eyjafjöllum.

Skírdagur, 13. apríl, kl. 13:30

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Fermd:

Ásgeir Heiðar Kristinsson, Raufarfelli 1, 861 Hvolsvöllur
Sylvía Sigurðardóttir, Gilsbakka 3, 861 Hvolsvöllur

Víkurkirkja í Mýrdal.

Sumardagurinn fyrsti, 20. apríl, kl. 13:00

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Fermdir:

Sæmundur Örn Matthíasson, Suðurvíkurvegi 6, 870 Vík
Bekan Máni Gíslason, Suðurvíkurvegi 2, 870 Vík

Skeiðflatarkirkja í Mýrdal.

6. sunnudagur eftir páska, 28. maí, kl. 13:30

Prestur: Haraldur M. Kristjánsson

Fermd:

Pórhildur Alexandersdóttir, Hvambóli, 871 Vík

Nánar auglýst síðar